



Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga,
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti,
Sölvhólsgötu 7,
150 Reykjavík.

Svar vegna fyrirspurnar EFS - SRN21010025/4.11.3

Eftirfarandi eru svör Svf. Árborgar við erindi Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) frá 8. október síðastliðnum.

1. Leigubústaðir Árborgar ses:

Í framhaldi af bréfi Sveitarfélagsins Árborgar til EFS, dags. 9. september sl., var tekið til við þau verkefni sem þar var lýst. Þann 7. október sl. átti bæjarstjóri, ásamt forseta bæjarstjórnar og fulltrúa HLH ráðgjafar, fund með forstjóra Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og aðstoðarmanni.

Tilfni fundarins var m.a. að skoða hvernig Svf. Árborg gæti best staðið að endurnýjun og fjölgun almennra leiguíbúða í sveitarfélaginu, hvort heldur með þátttöku í verkefnum undir forgöngu HMS, um almennar leiguíbúðir á landsvísu, eða á grunni Leigubústaða Árborgar ses.

Meðal þess sem fram kom á fundinum var að kostur væri á því að sækja til HMS um niðurfellingu ábyrgðar Svf. Árborgar á skuldum Leigubústaða Árborgar ses, en HMS er eigandi að langtímaskuldum félagsins. Í ljósi þess að skuldabyrði félagsins væri varla nema um þriðjungur raunvirðis eigna félagsins þótti þetta álitlegur kostur. Jafnframt kom fram á fundinum að sú leið væri greiðfær LÁ ses að fjármagna nýjar íbúðir með stofnframlögum á grunni 10. gr., 1. mgr., 3 tl. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016.

Erindi um niðurfellingu skuldaábyrgðar Svf. Árborgar var sent HMS þann 12. október síðastliðinn og barst jákvætt svar HMS þann 15. október. Á þeim grunni felldi stjórn LÁ ses niður 8. gr. samþykka félagsins, sem kvað á um skuldaábyrgð Svf. Árborgar, á fundi stjórnar þann 18. október. Ábyrgð Svf. Árborgar á skuldum LÁ ses hefur þar með verið aflétt.

Framundan er nú það verkefni að endurskipuleggja rekstur LÁ ses og nýta fjárhagslegt afl félagsins til að styrkja framboð almennra leiguíbúða. Þar verður lögð sérstök áherslu á þarfir félagsþjónustuþega. Viðræður eru hafnar við Bjarg íbúðafélag og verður framhaldið á næstu mánuðum. Í tengslum við þær viðræður verður horft almennt á framboð leiguhúsnæðis í Árborg og samþættingu verkefna Bjargs íbúðafélags, Leigubústaða Árborgar ses og Sveitarfélagsins Árborgar.

Í ljósi ofangreindra atvika telur Svf. Árborg að ekki sé tilfni til sérstakrar flöggunar vegna þess ágalla á ársreikningi 2020 sem getið er um í erindi EFS frá 8. október, en mun þó að sjálfsögðu bregðast við frekari tilmælum nefndarinnar í þeim efnum.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Ráðhúsi Árborgar
21. október 2021

Málsnr. 2108273

2. Framvinda rekstrar- og fjárhagsáætlunar

Upplýsingar er í meðfylgjandi excel skjali um núverandi stöðu fjárfestingarverkefna og þá viðauka sem gerðir hafa verið á árinu vegna fjárfestinga.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri